# Ungbarnaleikskólinn Ársól

# 2025– 2026



**Einkunnarorð Skóla ehf.:**

*Heilbrigð sál í hraustum líkama*

# Efnisyfirlit

Leiðarljós leikskólans ........ 3

1 Greinargerð leikskólastjóra ........ 3

2 Innra og ytra mat leikskólans fyrir 2024-2025 ........ 4

3 Umbótaáætlun leikskólans 2025-2026........ 6

4 Innra mat allra deilda 2024-2025. ........ 7

5 Umbótaáætlun 2025-2026 ........ 8

6 Starfsþróunarsamtöl og fræðsla almennt út frá umbótaþáttum leikskólans. ........ 10

7 Sérstakar áherslur í samstarfi leikskóla, grunnskóla og frístundamiðstöðva; stutt um hvernig samstarfi er háttað, annars vísað í skólanámskrá leikskólans. ........ 11

8 Foreldrasamvinna ........ 11

9 Skipulagsdagar og leikskóladagatal ........ 12

10 Fylgiskjöl ........ 13

## Leiðarljós leikskólans

Heilbrigð sál í hraustum líkama þar sem ***samvinna*** starfsfólks einkennist af ***jákvæðni***, ***gleði***, ***kærleika og trausti***.

# 1 Greinargerð leikskólastjóra

Skólaárið hófst að venju sinni en einhver börn ílengdust inn í nýtt skólaár. Nýr aðstoðarskólastjóri kom til starfa og annar starfsmaður leysti tímabundið af sem aðstoðarskólastjóri í hennar stað frá febrúar 2025 til ágúst 2025.

Í leikskólanum eru 54 börn hverju sinni, á aldrinum 9 mánaða til 3 ára. Stöðugildi eru í kringum 18.

Áfram héldu breytingar á starfsmannahaldi sem rekja mátti helst til barnafjölgunar í lífi starfsmanna og stjórnenda. Þeir starfsmenn sem voru í kennaranámi héldu því flestir áfram en tveir stjórnendur búa yfir leyfisbréfi kennara, tveir deildarstjórar eru með bakkalárgráðu í kennslufræðum ásamt því að þómargir starfsmenn búa yfir fjölbreytilegum menntunarbakgrunni. Stjórnendur halda áfram að hvetja starfsmenn í nám, einkum í leikskólakennarafræði. Vel gekk að halda faglegu starfi gangandi þrátt fyrir áskoranir og greinilega mikill áhugi og kraftur meðal starfsmanna til staðar.

Fljótlega eftir að skólaárið hófst fór að bera á veikindum í barnahópnum og starfsmannahópnum. Erfiðlega gekk að vinna bug á hinum ýmsu pestum sem upp komu og fór svo að starfsemi leikskólans var fundið tímabundið aðsetur innan Húsaskóla á meðan framkvæmdir fara fram í húsnæði leikskólans til að útrýma myglu. Í kjölfar nýrra samninga á milli borgar og Samtaka Sjálfstæðra skóla, og krefjandi aðstæðna á skólaárinu, má segja að samstarf og samskipti hafa stóraukist á milli skóla- og frístundasviðs, þjónustumiðstöðvar og Ungbarnaleikskólans Ársólar.

Ljóst er að ungbarnaleikskólar eru í viðkvæmri stöðu hvað varðar veikindi og húsakostar, en grípa þurfti til fáliðunarverkferla sem rekja mátti að stórum hluta til myglutengdra einkenna. Flutningar leikskólans í tímabundið húsnæði tóku furðu skamman tíma en þakka þarf starfsfólki leikskólans gríðarlega fyrir eljusemi og skipulag við þá vinnu ásamt því jákvæða hugarfari sem þau búa yfir í krefjandi aðstæðum.

Við munum halda áfram að vinna að uppbyggilegu og jákvæðu samstarfi við borgina ásamt því að vinna að faglegu starfi leikskólans. Á nýju skólaári verða breytingar í stjórnunarteymi leikskólans á meðan leikskólastjóri bregður sér í fæðingarorlof.

# 2 Innra og ytra mat leikskólans fyrir 2024-2025

## Innra mat

| Hvað var metið? | Húsnæði, |
|---|---|
| **Hvernig fór matið fram?** | Innra mat fór fram á skipulagsdögum þar sem unnið var jafnt og þétt að þeim atriðum sem voru í deiglunni hverju sinni í gegnum skólaárið. |
| **Hverjir tóku þátt í matinu? (starfsmenn, börn, foreldrar, aðrir)** | Starfsmenn leikskólans. |
| **Helstu niðurstöður mats (styrkleikar og tækifæri til umbóta)** | Öflugur starfshópur, húsnæði ábótavant. |

| Hvað var metið? | Móttaka nýliða |
|---|---|
| **Hvernig fór matið fram?** | Deildarstjórafundum ásamt samstarfi annarra starfsmanna |
| **Hverjir tóku þátt í matinu? (starfsmenn, börn, foreldrar, aðrir)** | Starfsmenn leikskólans. |
| **Helstu niðurstöður mats (styrkleikar og tækifæri til umbóta)** | Þurfum að klára vinnu við sérhæfða handbók leikskólans út frá þörfum leikskólans í nýliðun. Skoða einnig handbók um mótttöku nýliðunar Skóla ehf. |

| Hvað var metið? | Upplýsingaflæði/fræðsla |
|---|---|
| **Hvernig fór matið fram?** | Skólapúlsinn |
| **Hverjir tóku þátt í matinu? (starfsmenn, börn, foreldrar, aðrir)** | Starfsmenn leikskólans. |
| **Helstu niðurstöður mats (styrkleikar og tækifæri til umbóta)** | Upplýsingaflæði hefur aukist en má enn gera betur. Fræðsla byggist á þörfum leikskólans hverju sinni og mætti vera skipulegri til lengri tíma litið. |

| Hvað var metið? | Leiðsögn/Starfsandi |
|---|---|
| **Hvernig fór matið fram?** | Skólapúlsinn, starfsdagar og deildarstjórafundir |
| **Hverjir tóku þátt í matinu? (starfsmenn, börn, foreldrar, aðrir)** | Stjórnendur og starfsmenn leikskólans |
| **Helstu niðurstöður mats (styrkleikar og tækifæri til umbóta)** | Almennt mjög góður starfsandi og góð liðsheild, álag setur strik í reikninginn og mætti bæta inn meiri handleiðslu til stjórnendateymis og almennra starfsmanna |

| Hvað var metið? | Heilsustefnan |
|---|---|
| **Hvernig fór matið fram?** | Umræður meðal starfsmanna um árangur og samþykki Samtaka Heilsuleikskóla fyrir breytingum |
| **Hverjir tóku þátt í matinu? (starfsmenn, börn, foreldrar, aðrir)** | Starfsmenn leikskólans. |
| **Helstu niðurstöður mats (styrkleikar og tækifæri til umbóta)** | Uppfærsla heilsubókar tilbúin til prufunotkunar og deildarstjórar ánægðir með uppsetninguna. Þörf á að kynna fyrir stjórn Samtaka Heilsuleikskóla og fá samþykki fyrir breytingunum. |

**Ytra mat**

| Hvað var metið? | |
|---|---|
| **Hvernig fór matið fram?** | Skólapúlsinn |
| **Hverjir tóku þátt í matinu? (starfsmenn, börn, foreldrar, aðrir)** | Starfsmenn en einnig fór út foreldrakönnun á vegum Reykjavíkurborgar. |
| **Helstu niðurstöður mats (styrkleikar og tækifæri til umbóta)** | Foreldrar almennt ánægðir með leikskólastarfið þó aðstæður séu krefjandi. Starfsmenn ánægðir með áherslur á faglegt starf með börnum en aðstæður og samskipti mætti vinna betur með. |

# 3 Umbótaáætlun leikskólans 2025-2026

Þeir þættir sem eru metnir yfir allan leikskólann í heild sinni. Þessir þættir geta verið aðrir eða þeir sömu og eru metnir á deildum. Á deildum erum við að sýna þær leiðir sem hver deild fer miðað við aldur og færni barna.
Einnig skal taka mið af menntastefnu Reykjavíkur, skólanámskrá og þróunarverkefni ef leikskólinn er í slíku.

| Stjórnun- uppeldis og menntastarf, mannauður/leikskólabragur- innra mat | |
|---|---|
| **Umbótaþáttur/matsþáttur(t.s. stjórnun, uppeldis og menntastarf, mannauður/leikskólabragur, innra mat)** | Stjórnun leikskólans og leikskólabragur. |
| **Tækifæri til umbóta-Hvaða árangri er stefnt að?** | Krefjandi aðstæður kalla á aukin uppbyggileg samskipti og eflingu faglegrar þekkingar |
| **Aðgerðir til umbóta-Hvernig á að framkvæma það?** | Efla samvinnu og jákvæð samskipti með betra upplýsingaflæði. Innleiða vikulega deildarstjórafundi og mánaðalega deildarfundi. Gera fundargerðir aðgengilegar fyrir allt starfsfólk. |
| **Ábyrgð** | Stjórnendateymi leikskólans |
| **Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?** | Október 2025<br>Áætluð lok í apríl-maí 2026 |
| **Hvenær og hvernig á að meta? Hvaða aðferðir á að nota við matið (t.d. könnun, rýnihópur, fundir, viðtal við börn)** | Það verður metið hversu vel gekk að halda fundi út frá gögnum um dagskipulag leikskólans. Metið hvort að fundargerðir séu til staðar fyrir alla fundi. |
| **Viðmið um árangur-Viðmið er gæðalýsing og/eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hvernig tókst að ná markmiði** | Árangur náðist ef náðist að halda 80% af skipulögðum fundum og fundargerðir séu til. |

# 4 Innra mat allra deilda 2024-2025.

## Styrkleikar

Áhugasemi og kraftur meðal starfsmanna.

Eftir krefjandi skólaár er sýnilega mikill áhugi hjá starfsfólki leikskólans að stilla strengi betur og vinna saman að betri starfsaðstæðum og námsumhverfi barnanna. Á nýju skólaári mun stjórnendahópurinn taka miklum breytingum en styrkleikasviðin eru mismunandi og því hægt að nálgast starfið og umbreytingar á fjölbreyttan hátt. Styrkleikar okkar liggja helst í að byggja upp sterk tengsl við börnin sem stunda nám í leikskólanum og búa þeim til gott námsumhverfi sem styður við frjálsan leik sem hæfir aldri þeirra og þroska hverju sinni.

## Tækifæri

Endurskoða verklag, verkfæri (líkt og Grænfánann) og stefnu leikskólans og efla stjórnendahópinn. Skólar ehf. vinna nú að því að samræma verklag við gæðamat og mun öflug vinna fara fram innan leikskólans til að styðja við þá þróun.

Umbótaáætlun deilda 2025-2026. Hér er fjallað um öll börn leikskólans og þeirra nám og áherslur t.d. menntastefna og skólanámskrá leikskóla. **Matið skal taka mið af fjölbreyttum barnahópi, börnum með stuðning og áherslum leikskólans.**

## 5 Umbótaáætlun 2025-2026

| **Sjónarhóll, Sólheimar og Sunnukot – Samræmd umbótaáætlun þvert á deildar** | |
|---|---|
| **Umbótaþáttur/matsþáttur(t.s. stjórnun, uppeldis og menntastarf, mannauður/leikskólabragur, innra mat)** | Efla þekkingu á innra mati |
| **Tækifæri til umbóta-Að hverju er stefnt?** | Starfsfólk þekki markmið, tilgang og gerð á starfsáætlun. |
| **Aðgerðir til umbóta-Hvernig á að framkvæma það?** | Fræðsla á starfsdögum, senda starfsfólk á fræðslu um innra mat, hafa markmið starfsáætlunar sýnileg á öllum deildum og gera starfsáætlun sameiginlega 2026-2027. |
| **Ábyrgð** | Stjórnendateymi leikskólans |
| **Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?** | Skólaárið 2025-2026 |
| **Hvenær og hvernig á að meta? Hvaða aðferðir á að nota við matið (t.d. könnun, rýnihópur, fundir, viðtal við börn)** | Skoðað verður hvort að deildarsjórar fengu fræðslu um innra mat yfir veturinn. Metið verður hvort að deildarstjórar hafi færni til að meta og gera umbótaráætlun í starfsáætlun fyrir árið 2026-2027 í samráði við starfsfólk deildar. |

| Sjónarhóll, Sólheimar og Sunnukot – Samræmd umbótaáætlun þvert á deildar | |
|---|---|
| **Umbótaþáttur/matsþáttur(t.s. stjórnun, uppeldis og menntastarf, mannauður/leikskólabragur, innra mat)** | Efla móttökuáætlun nýliða |
| **Tækifæri til umbóta-Að hverju er stefnt?** | Að starfsemi skólans og faglegt starf sé í takt við áherslur leikskólans ásamt samræmdu gæðamati Skóla ehf. |
| **Aðgerðir til umbóta-Hvernig á að framkvæma það?** | Að vinnan við gerð á móttökuáætlun fyrir nýliða sé kláruð en hún er komin langt á veg. Að móttökuáætlunin sé notuð og endurmetin út frá mati nýliða og starfsmanna á því hvernig hún nýtist.<br>Móttökuáætlun verður kynnt starfsfólki á starfsdögum svo allir þekki ferlið og geti stutt betur við nýliða. |
| **Ábyrgð** | Stjórnandateymi |
| **Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?** | Skólaárið 2025-2026 |
| **Hvenær og hvernig á að meta? Hvaða aðferðir á að nota við matið (t.d. könnun, rýnihópur, fundir, viðtal við börn)** | Stjórnendur taka viðtal við nýliða nokkrum vikum eftir að störf hefjast til að meta hvernig móttökuáætlun hefur nýst. Á deildastjórafundum verður metið hvernig móttökuáætlun nýtist og hvaða breytingar þarf að gera. |

# 6 Starfsþróunarsamtöl og fræðsla almennt út frá umbótaþáttum leikskólans.

Skólastjóri tók óformleg starfsþróunarsamtöl við allt starfsfólk en lögð var sérstök áhersla á samtöl við nýja starfsmenn. Í upphafi nýs skólaárs er ávallt haldinn fyrirlestur um starfshætti og samræmdar uppeldisaðferðir sem skólastjóri heldur. Þá er tilvalið tækifæri til að fínpússa það sem betur má fara í endurskoðuðu verklagi leikskólans.

Tveir stjórnendur fóru á TRAS námskeið og verður áfram lögð áhersla á að hvetja fleiri stjórnendur og starfsmenn til að sækja sér réttindi til að leggja fyrir og lesa úr TRAS. Ekki gafst tækifæri til að fara á námskeið í Smábarnalistanum en reynt verður aftur á næsta ári.

Gróf áætlun fyrir fræðslu 2025-2026:

| Starfshópar | Námskeið - kennari | Markmið | Tími | Greiðandi | Ábyrgð |
|---|---|---|---|---|---|
| Allir | **Jákvæðir starfshættir og samskipti í Ársól** | Fá fræðslu um hvernig starfshættir eru í leikskólanum og ábyrgð þeirra í starfi | Ágúst 2025 | Skólar ehf | Stjórnendur |
| Allir | **Sameiginlegar uppeldisreglur** | Að allt starfsfólk beiti sömu aðferð í uppeldi/agamálum | Ágúst 2025 | Skólar ehf | Stjórnendur |
| Trúnaðar-maður | **Trúnaðarmannanámskeið Eflingar** | Kynnast starfsemi Eflingar og hlutverki trúnaðarmans | Skólaárið ´25-26 | | Katarzyna A. Matoga |
| Trúnaðarmað ur | **Trúnaðarmannanámskeið KÍ/FL** | Kynnast starfsemi KÍ og hlutverki trúnaðarmanns | Skólaárið ´25-´26 | | |
| Skólastjóri | **Smábarnalistinn** | Öðlast réttindi til að lesa úr listanum sem er lagður fyrir foreldra | Haustönn 2025 | Þátttakend ur | Þátttakendu r |
| Allir | **Námskeið hjá Miðju máls og læsis** | Ýta undir þekkingu og kunnáttu starfsmanna á bernskulæsi og málörvun | Skólaárið ´25-´26 | Reykjavíku rborg | Þátttakendu r |
| Allir | **Fjölbreyttir fyrirlestrar um hegðun barna og þróun leiks** | Að starfsfólk kynni sér hegðun og leik barna og nýti sér þá þekkingu að vinna með þroskaþætti barna í gegnum hópastarf | Skólaárið ´24-´25 | Skólar ehf | Stjórnendur |
| Sérkennslustj óri | **Lærdómssamfélag sérkennslustjóra** | Að dýpka þekkingu á hinum ýmsu málefnum sem snerta snemmtæka íhlutun og sérkennslu barna | Skólaárið ´25-´26 | Reykjavíku rborg | Sérkennslus tjóri |
| Allir | **Gæðamat í leikskólum** | Að starfsfólk kynni sér gerð gæðamats og mikilvægi þess í leikskólastarfi | Skólaárið ´25-´26 | Skólar ehf | Stjórnendur |

## 7 Sérstakar áherslur í samstarfi leikskóla, grunnskóla og frístundamiðstöðva; stutt um hvernig samstarfi er háttað, annars vísað í skólanámskrá leikskólans.

Leikskólinn er ungbarnaleikskóli og því ekki í samstarfi við grunnskóla og frístundamiðstöðvar. Þó eins og áður er leikskólinn opinn fyrir samstarfi við aðra leikskóla, t.d. þegar börnin flytjast yfir á næsta leikskóla. Við veitum umsagnir með nemendum sé þess óskað og þá í samvinnu við foreldra viðkomandi barna.

## 8 Foreldrasamvinna

Leikskólinn er lögum samkvæmt fyrsta skólastigið í menntakerfinu og annast að ósk foreldra nám barna á leikskólaaldri. Foreldrar bera meginábyrgð á uppeldi barna sinna. Leikskólanám er viðbót við uppeldi foreldra en er á engan hátt ætlað að koma í stað þess. Á þessum grundvallaratriðum byggist foreldrasamvinna.

Þegar barnið fær leikskólavist í Ársól er foreldrum boðið á kynningarfund hjá skólastjórnendum sem kynna stefnu skólans, foreldrar undirrita dvalarsamning og skoða deildina sem barnið mun vera á. Í aðlögun er lagður grunnur að gagnkvæmum kynnum, trausti og virðingu á milli foreldra og leikskóla.

**Foreldrafundir**

Foreldrafundir eru haldnir í október ár hvert ásamt kynningarfundi fyrir nýja foreldra á vorönn. Á haustfundinum eru gefnar margvíslegar upplýsingar um leikskólastarfið, sagt frá áherslunum fyrir komandi skólaár og þróunarverkefnum sem eru í gangi hverju sinni. Einnig er kosið í foreldraráðið og fulltrúa foreldra í Grænfánateymið en það þarf nýja fulltrúa á hverju ári vegna þess að börnin eru oftast bara í Ársól í einn vetur.

**Foreldrasamtöl**

Deildarstjórar og/eða hópstjóri eiga formlegt samtal við forelda einu sinni til tvisvar á ári þar sem foreldrar eru upplýstir um stöðu og líðan barnsins í leikskólanum. Samtalið er byggt á upplýsingum um barnið, athugunum á færni og þroska í leik og starfi og Heilsubók barnsins. Miðað er við að skrá í Heilsubók barnsins við 18 og 24 mánaða aldur og þá eru foreldraviðtölin fljótlega eftir skráninguna hverju sinni. Með þessu nýja fyrirkomulagi gefst betra tækifæri til að bera saman þroskaframvindu barnanna með 6 mánaða millibili. Í foreldraviðtölum gefst foreldrum tækifæri til að spyrja spurninga og veita upplýsingar um barnið. Á haustönn er einnig val fyrir foreldra hvort þeir vilji viðtal u.þ.b. þremur mánuðum eftir að aðlögun hefst.

Foreldrar eiga einnig alltaf kost á því að fá viðtalstíma við kennara ef þeir hafa þörf fyrir að ræða málin auk þess sem að lögð er mikil áhersla á dagleg samskipti og gott upplýsingaflæði á milli heimilis og skóla. Foreldrasamtöl geta farið fram á staðnum eða í gegnum fjarfundarbúnað.

**Foreldrafélag og foreldraráð**

Foreldraráð leikskólans hefur verið sambland af ráði og foreldrafélagi vegna smæðar skólans og er nýtt ráð kosið árlega á haustfundi með foreldrum. Markmið foreldraráðsins er að tryggja hagsmuni og velferð barnanna ásamt innra starfi leikskólans. Einnig hefur foreldraráðið komið að skipulagningu sumarhátíðar leikskólans sem er haldin árlega en mánaðarlegt foreldrafélagsgjald stendur meðal annars undir kostnaði við hátíðina. Sumarhátíð Ársólar 2025 var haldin þar sem við áttum gleðilega stund utandyra.

**Samskipti við erlenda foreldra**

Eins og við alla foreldra er lögð áhersla á góð og uppbyggileg samskipti við foreldra sem eiga annað móðurmál en íslensku. Þegar farið er í heimsókn áður en barnið byrjar í Ársól er fyllt út sérstakt eyðublað þar sem meðal annars er spurt um hvaða tungumál eru töluð á heimilinu, við barnið, foreldrar sín á milli o.fl. Með þessu er hægt að kortleggja í hvaða aðstæðum barnið sé, hvort það heyri íslensku talaða heima eða í sínu nærumhverfi. Einnig er kannað hvort foreldrar vilji túlk í foreldraviðtölum. Að auki er reynt að undirbúa foreldrana vel undir aðlögunina, meðal annars með skriflegum upplýsingum með áætlun fyrir aðlögun (einnig til á ensku) og einnig blað varðandi hagnýtar upplýsingar (að koma og fara, veikindi og fjarvistir, merkja fatnað o.þ.h.). Aðlögun getur reynst foreldrum erfið, sérstaklega þeim sem hafa ekki reynslu af íslenska leikskólakerfinu og þess vegna þarf að sýna þessum hópi sérstaka athygli og skilning.

Fyrir þau börn sem eiga báða foreldra af erlendu bergi og hafa lítið heyrt íslenskuna er reynt að nota Tákn með tali markvisst og að tala mikið við börnin, eins og er gert við öll börnin í Ársól.

# 9 Skipulagsdagar og leikskóladagatal

Skipulagsdagarnir verða sex talsins, þrír fyrir áramót og þrír eftir áramót. Fyrsti skipulagsdagurinn verður þann 29.ágúst. Næsti skipulagsdagur verður 17. október þar sem nýr skólastjóri mun kynna betur áherslur sínar fyrir skólaárið og hefja vinnu við að fræða starfsfólk um innra mat og gæðaviðmið. Næstu starfsdagar þar á eftir verða 28.nóvember, 2.janúar, 6.febrúar og 8.maí. 17.október var upphaflega hugsaður sem breytilegur starfsdagur vegna mögulegra flutninga í húsnæði Ársólar en til greina kemur að breyta dagsetningu á öðrum skipulagsdegi þess í stað.

Leikskóladagatal 2025 - 2026

Nafn leikskóla: Ungbarnaleikskólinn Ársól - Heilsuleikskóli

| ÁGÚST | SEPTEMBER | OKTÓBER | NÓVEMBER | DESEMBER | JANÚAR | FEBRÚAR | MARS | APRÍL | MAÍ | JÚNÍ |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 1 F Leikskólinn opnar | 1 M | 1 M | 1 L | 1 M Fullveldisdagurinn | 1 F Nýársdagur | 1 S | 1 S | 1 M Skráningardagar | 1 F Verkalýðsdagurinn | 1 M |
| 2 L | 2 Þ | 2 F | 2 S | 2 Þ | 2 F Skipulagsdagur | 2 M | 2 M Glitrandi dagur - Einstök börn | 2 F Alþjóðlegur dagur einhverfu | 2 L | 2 Þ |
| 3 S | 3 M | 3 F | 3 M | 3 M | 3 L | 3 Þ | 3 Þ | 3 F Föstudagurinn langi | 3 S | 3 M |
| 4 M Frídagur verslunarmar | 4 F | 4 L | 4 Þ | 4 F | 4 S | 4 M | 4 M | 4 L | 4 M | 4 F |
| 5 Þ | 5 F | 5 S | 5 M | 5 F Aðventukaffi | 5 M | 5 F Tónlistardagur | 5 F | 5 S Páskadagur | 5 Þ | 5 F Sumarhátíð |
| 6 M | 6 L | 6 M | 6 F Foreldrafundur 18:00-19:00 | 6 L | 6 Þ Þrettándinn | 6 F Skipulagsdagur Dagur leikskólans | 6 F | 6 M Annar í Páskum | 6 M | 6 L |
| 7 F | 7 S | 7 Þ | 7 F | 7 S | 7 M | 7 L Dagur tónlistarskólans | 7 L | 7 Þ Blár dagur | 7 F | 7 S Sjómannadagurinn |
| 8 F Gleðidagur | 8 M Dagur læsis | 8 M | 8 L Baráttudagur gegn einelti | 8 M | 8 F | 8 S | 8 S | 8 M | 8 F Skipulagsdagur | 8 M |
| 9 L Gleðiganga og hátíð | 9 Þ | 9 F | 9 S Feðradagur | 9 Þ | 9 F Vasaljósadagur | 9 M | 9 M | 9 F | 9 L | 9 Þ |
| # S | # M | # F | # M | # M | # L | # Þ | # Þ | # F | # S Mæðradagur | # M |
| # M | # F | # L | # Þ | # F Rauður dagur - jólaskemmtun | # S | # M Dagur íslenska táknmálsins | # M | # L | # M | # F |
| # Þ | # F | # S | # M | # F | # M | # F | # F | # S | # Þ | # F Íþróttadagur |
| # M | # L | # M | # F | # L | # Þ | # F | # F | # M | # M | # L |
| # F | # S | # Þ | # F | # S | # M | # L | # L Dagur stærðfræðinna | # Þ | # F Uppstigningardagur | # S |
| # F | # M | # M | # L | # M | # F | # S | # S | # M | # F | # M |
| # L | # Þ Dagur íslenskrar náttúru | # F | # S Dagur íslenskrar tungu | # Þ | # F | # M Bolludagur | # M | # F | # L | # Þ |
| # S | # M | # F Skipulagsdagur vegna áætlaðra flutninga* | # M | # M | # L | # Þ Sprengidagur | # Þ | # F | # S | # M Lýðveldisdagurinn |
| # M | # F | # L | # Þ | # F | # S | # M Öskudagur | # M | # L | # M Umhverfisvika | # F |
| # Þ | # F | # S | # M | # F | # M | # F Afmæli Ársólar- 17ára Skráningardagar | # F | # S | # Þ | # F |
| # M | # L | # M | # F Dagur mannréttinda barna | # L | # Þ | # F Skráningardagar | # F Tannverndar- og sokkadagur | # M | # M | # L |
| # F | # S | # Þ | # F Fjólublár dagur | # S | # M | # L | # L Alþjóðlegi dagur Downs-heilkennis | # Þ | # F | # S |
| # F | # M | # M | # L | # M | # F | # S Konudagur - upphaf Góu | # S | # M | # F Grænn dagur Umhverfisdagur | # M |
| # L | # Þ | # F Bleikur dagur | # S | # Þ Þorláksmessa | # F Bóndadagur - Bóndakaffi | # M | # M | # F Sumardagurinn fyrst | # L | # Þ |
| # S | # M | # F Skráningardagur | # M | # M Aðfangadagur jóla | # L | # Þ | # Þ | # F | # S Hvítasunnudagur | # M |
| # M | # F | # L Fyrsti vetrardagur | # Þ | # F Jóladagur | # S | # M | # M Kváradagur | # L | # M Annar í Hvítasunnu | # F |
| # Þ | # F Evrópski tungumálad. | # S | # M | # F Annar í jólum | # M | # F | # F | # S | # Þ | # F |
| # M | # L | # M Bangsadagur Skráningardagur | # F | # L | # Þ | # F Konudagskaffi | # F Gulur dagur | # M | # M | # L |
| # F | # S | # Þ Skráningardagur | # F Skipulagsdagur | # S | # M | # L Dagur einstakra barna | # L | # Þ | # F | # S |
| # F Skipulagsdagur | # M | # M | # L | # M Skráningardagur | # F | | # S Pálmasunnudagur | # M | # F | # M |
| # L | # Þ | # F | # S | # Þ Skráningardagur | # F Þorrablót Ársólar | | # M Skráningardagar | # F | # L | # Þ *Síðasti dagur fyrir sumarlokun |
| # S | | # F Hrekkjavaka | | # M Gamlársdagur | # L | | # Þ Skráningardagar | | # S | |

*Skipulagsdagur 17.október er vegna áætlaðra flutninga með fyrirvara um breytingar
*Skráningardagar eru birtir með fyrirvara um staðfesta þátttöku sjálfstæðra skóla

# 10 Fylgiskjöl

F. h. leikskólans ........................................

________________________________________

Leikskólastjóri Dagsetning

**Fylgiskjal**

# Starfsáætlun 2024 – 2025
# Ungbarnaleikskólinn Ársól

Foreldraráð Ársólar hefur lesið yfir og samþykkt starfsáætlun 2025-2026. Þrátt fyrir húsnæðisvanda og tímabundið aðsetur í Húsaskóla er starfsfólk sérstaklega úrræðagott til að bæta aðstöðu. Þó mætti leita leiða til að aðlaga matarkostinn að aldri barna og heilsustefnu leikskólans. Ánægjulegt er að sjá að efla eigi móttöku nýliða. Samvinna við foreldra er mikilvægur þáttur að farsældu leikskólastarfi og leggur Ársól sig fram við foreldrasamstarf og upplýsingaflæði.

## Foreldraráð leikskólans skipa:

Alexander Sigurðsson
Ástrós Silja Luckas
Berglind Muller
Hildigunnur Hauksdóttir
Kristbjörg Fjóla Hrólfsdóttir
Magdalena Soffía Radkowska

**Fulltrúar í foreldraráði:**

**Undirskrift fulltrúa í foreldraráði**

## Um starfsáætlanir leikskóla

Leikskólar gera starfsáætlun sem byggir á skólanámskrá leikskólans og menntastefnu Reykjavíkurborgar til 2030 sem hefur þá framtíðarsýn að í kraftmiklu skóla- og frístundastarfi öðlist börn og unglingar menntun og reynslu til að láta drauma sína rætast og hafa jákvæð áhrif á umhverfi og samfélag. Menntastefnunni er ætlað að bregðast við þeim áskorunum sem felst í stöðugum samfélags- og tæknibreytingum sem umbreyta uppeldisaðstæðum barna og hefðbundnum hugmyndum um menntun.

Tilgangur starfsáætlunar er að gera skólaþróun leikskólans markvissa með árangursmiðuðum markmiðum og umbótamiðuðu innra mati. Starfsáætlun er birt opinberlega og gefur starfsfólki, foreldrum og rekstraraðilum meðal annars upplýsingar um hvernig starf leikskólans gekk á síðasta starfsári og hvernig unnið verði að mati, umbótum og innleiðingu á áherslum úr menntastefnunni og hvernig á að nota þróunarstyrk næsta starfsárs.

Eftirfarandi upplýsingar koma fram í starfsáætlun:

- Umfjöllun leikskólastjóra um starf síðasta árs. Tilgreina áherslur í leikskólastarfinu sem unnið verður að á komandi starfsári sem tengist menntastefnu Reykjavíkurborgar, þróunarstyrk, skólanámskrá og/eða öðrum verkefnum.
- Niðurstöður innra mats síðasta árs þar sem greining er á helstu styrkleikum og tækifærum til umbóta.
- Matsáætlun sem unnin er út frá niðurstöðum innra og ytra mats, tækifærum til umbóta og þróunarverkefnum tengt menntastefnu Reykjavíkur og áherslur úr skólanámskrá.
- Umbótaáætlun deilda þar sem hver deild gerir grein fyrir aðgerðum og leiðum til umbóta út frá matsáætlun leikskólans.
- Innra mat sérkennslu og umbótaáætlun.
- Innra mat- fjöltyngi barna og umbótaáætlun.
- Starfþróunaráætlun leikskólans byggð á matsáætlun.
- Skóladagatal fyrir árið þar sem m.a. skipulagsdagar eru tilgreindir.
- Umsögn foreldraráðs.

Starfsáætlun leikskólans tekur gildi 1. september ár hvert og skal skilað rafrænt til skóla- og frístundasviðs fyrir 1. júlí. Starfsáætlanir eru lagðar fyrir skóla- og frístundaráðs til samþykktar.

**Mat á leikskólastarfi**

Tilgangur innra mats er að leggja faglegan grundvöll að endurbótum í leikskólastarfi og vinna kerfisbundið að því að auka gæði þess og gera það skilvirkara.

Markmið innra mats samkvæmt lögum um leikskóla er að:

- Veita upplýsingar um skólastarf, árangur þess og þróun til fræðsluyfirvalda, starfsfólks leikskóla, viðtökuskóla og foreldra.
- Tryggja að starfsemi leikskóla sé í samræmi við ákvæði laga, reglugerða og aðalnámskrár leikskóla.
- Auka gæði náms og leikskólastarfs og stuðla að umbótum.
- Tryggja að réttindi barna séu virt og að þau fái þá þjónustu sem þau eiga rétt á samkvæmt lögum.

Skólanámskrá leikskólans er skrifleg lýsing á því sem gert er í leikskólanum og á því sem á að gera. Þar koma fram bæði markmið og leiðir leikskólans. Skólanámskrá leikskólans setur því viðmið fyrir matið.

Tilgangur ytra mats er að safna upplýsingum um viðhorf foreldra leikskólabarna og starfsmanna til að nota við innra mat leikskólans. Að auki er það liður í ytra mati skóla- og frístundasviðs og/eða Mennta- og menningarmálaráðuneytis.

**Hlutverk foreldraráðs**

Samkvæmt 11.gr. laga um leikskóla frá 2008 er hlutverk foreldraráðs að gefa umsagnir til leikskóla og nefndar, sbr. 2. mgr. 4. gr., um skólanámskrá og aðrar áætlanir sem varða starfsemi leikskólans. Þá skal ráðið fylgjast með framkvæmd skólanámskrár og annarra áætlana innan leikskólans og kynningu þeirra fyrir foreldrum. Foreldraráð hefur umsagnarrétt um allar meiri háttar breytingar á leikskólastarfi.